

Dags eftirlits	25.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurbær 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Pálsson, Sólbyrgi	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávik fannst ekki í úttektinni og engar ábendingar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunarúttekt í gróðurhús Sólhvarfa ehf. að Sólbyrgi, Kleppjárnshreykjum. Gróðurhúsið sem leigt var ORF Líftækni hf. hefur fastanúmer 210-7900 150101. Stendur á bökkum Reykjadalársár í Borgarfjarðardöllum.

Frárennsli

Frárennsli vegna gróðurhússins liggur niður brekku neðan aðstöðunnar. Frárennsli samanstóð af soðvatni og ræktunarvatni. Til sóttreinsunar á jarðvegi var 80°C heitu vatni (soðvatni) veitt á beð í gróðurhúsi áður en ræktun hófst. Afrennsli af því barst í frárennsli gróðurhússins. Eins var notað ræktunarvatn til vökvunar (grátslóngur) en bygg þrífst illa í blautum jarðvegi. Alla jafna er ekkert frárennsli frá ræktuninni en það vatn sem fór um frárennislagnir endaði í jarðvegssíu í brekkunni neðan gróðurhússins.

Loftun

Í opnanlegum fögum gróðurhússins var net til varnar því að fuglar kæmst inn í húsið og bæru með sér fræ út í náttúruna.

Búnaður og úrgangur

Talað var við Einar Pálsson eiganda gróðrarstöðvarinnar Sólhvarfa ehf. og var hann ánægður við viðskilnað ORF Líftækni hf. Síðast var ræktað bygg í gróðurhúsinu fyrir 3 – 4 árum en þegar því var hætt var allur búnaður fjarlægður og eins allur úrgangur. Undanfarnir nokkur ár hafa jarðaberjaplöntur verið ræktaðar í húsinu. Einar sagði aldrei, síðan starfsleyfishafi hætti ræktun byggs á staðnum, hafa sést byggplanta hvorki innandyra né utan.

Gengið var um gróðurhúsið og utan þess og kannað hvort að bygg sæist í nærumhverfinu. Ekkert bygg var sjáanlegt.

ANNAÐ

Starfsleyfið rann út 16. apríl 2015

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.06.2018



Gottskálk Friðgeirsson